



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Blikksmiður

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

Tinsmith

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi:

- hefur vald á fagteikningu og teiknar í tölvuforritum. Les teikningar arkitekta, verk-og tæknifræðinga. Metur efnispörf, nýtingu og efniskostnað. Notar rýmis-, fjarlægðar- og hæðarmælingar við staðsetningu og uppsetningu
- þekkir framleiðsluferli þunnmálma og klæðningaefnis, smíðahæfni og tæringarþol. Þekkir áhrif álags á smíðagripi, festingar og samsetningar. Þekkir eiginleika plasts, límeftna, einangrunar og hjálpareftna.
- beitir handverkfærum og mælitækjum blikksmíða og notar algengustu málmsmíðavélar, bæði handstýrðar og tölvustýrðar. Smíðar útflatninga og burðarvirki eftir teikningum, smíðar íhluti loftræsikerfa og setur upp
- þekkir suðuskeyti, suðuhæfni og áhrif suðu á málma. Kverksýður með pinna, MAG og TIG í járn og stál. Þekkir vinnsluhætti ljósbogasúðu, suðuferilslýsingar, suðubreytur, suðu á ryðfríu stáli og áli. Kannar suðugalla og les úr mælingum og prófunum á suðum
- þekkir tilgang og mikilvægi loftræsingar, opinber ákvæði og hönnunarforsendur. Leggur mat á loftræsipörf húsnæðis og velur búnað samkvæmt fyrirmælum hönnuða, teikningum og handbókum. Fylgir fyrirmælum um brunahönnun loftræsikerfa, metur og mælir hljóðmyndun og hljóðburð í stökkakerfum
- þekkir stjórnþúnað loftræsikerfa, setur upp, gerir við og stillir kerfislýsingar og lýsir samverkun tækja. Velur mælistaði fyrir loftmagn, hita, og raka loftræsi- og hitakerfa og beitir stöðluðum aðferðum við innstillingu. Setur upp rekstrarhandbók
- þekkir málmklæðningar, hönnun og opinberar kröfur um umbúnað, frágang og tæringarvarnir. Þekkir kröfur um einangrun og rakavarnarlag í þökum. Setur upp læstar þakklæðningar og þekkir almennar kröfur um þéttingu húsa, þ.m.t. klæðningu stálgrindahúsa
- fer eftir öryggiskröfum, gerir hættumat og setur öryggisreglur samkvæmt vinnuumhverfisvísium málmiðnaðar. Bregst við slysum og brunum samkvæmt viðbragðsáætlun. Fylgir reglum um meðferð spilliefna og úrgangs
- fer eftir reglum um skipulag og umgengni í starfsstöð og á verkstað.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Blikksmiður starfar hjá framleiðslu-, þjónustu- og verktakafyrirtækjum. Hann smíðar setur upp og viðheldur þak-, vegg- og stálgrindaklæðningum og loftræsikerfi. Blikksmiður leiðbeinir viðskiptavinum um klæðningar húsa og annarra mannvirkja. Rétt til starfa í blikksmíði hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í blikksmíði sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRÍÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Nám til iðnmeistaraprófs, viðbótarnám til stúdentsprófs eða tækninám.	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978, reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í sex annir, námstími samtals 108 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 60 vikur. Námi lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:
www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is